

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2023

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
kt. 510211-0140

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Sjóðurinn hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir. Jafnframt kemur sjóðurinn að úrbótum í ferlimálum fatlaðs fólks, einkum hvað varðar aðgengi að fasteignum, mannvirkjum og útisvæðum á vegum sveitarfélaga.

Á árinu 2023 nam tekjuhalli sjóðsins 219,1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 6.008,6 m.kr, skuldir 117,2 m.kr. og eigið fé 5.891,4 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra staðfestir ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, febrúar 2025

Undirritað rafrænt

Eyjólfur Ármannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Undirritað rafrænt

Guðmundur Baldvin Guðmundsson
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til innviðaráðherra

Álit

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu ráðherra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2023, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrimæli. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa sjóðinn upp.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun febrúar 2025

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

(undirritað rafrænt)

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Tekjur			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	1	0	0
Tekjur alls		0	0
 Framlög			
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.....	2	612.975	80.262
 Rekstrarkostnaður			
Annar rekstrarkostnaður.....	3	4.667	1.383
Rekstrarkostnaður samtals		4.667	1.383
Framlög og gjöld alls		617.641	81.645
Rekstrar(tap)/hagnaður.....		(617.641)	(81.645)
Hreinar fjármunatekjur.....	4	398.535	302.998
Afkoma ársins		(219.106)	221.354

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir:			
Skuldabréf.....	5	1.866.796	1.907.750
Fastafjármunir samtals		1.866.796	1.907.750
Veltufjármunir:			
Áfallnar vaxtatekjur.....		13.965	9.863
Aðrar skammtímakröfur.....	6	170	723.237
Næsta árs afborganir skuldabréfa.....	5	150.374	142.251
Bankareikningar.....		3.977.289	3.330.219
Skammtímakröfur samtals		4.141.798	4.205.570
Eignir alls		6.008.594	6.113.320

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	7	<u>5.891.436</u>	<u>6.110.542</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		3.072	2.170
Aðrar skammtímaskuldir.....	8	<u>114.085</u>	<u>608</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>117.158</u>	<u>2.777</u>
Skuldir samtals		<u>117.158</u>	<u>2.777</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>6.008.594</u></u>	<u><u>6.113.320</u></u>

Sjóðstreymi árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Afkoma samkvæmt rekstrarreikningi.....		(219.106)	221.354
Verðbætur skuldabréfa.....		(153.514)	(182.001)
Veltufé frá rekstri		<u>(372.620)</u>	<u>39.353</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		718.965	(7.102)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....		114.380	(1.039)
		<u>833.345</u>	<u>(8.141)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>460.725</u>	<u>31.212</u>
 <i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Afborganir.....		186.344	135.718
Fjárfestingahreyfingar		<u>186.344</u>	<u>135.718</u>
Hækkun á handbæru fé.....		647.070	166.930
Handbært fé í ársbyrjun.....		3.330.219	3.163.290
Handbært fé í árslok		<u><u>3.977.289</u></u>	<u><u>3.330.219</u></u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhald og greiðslur fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu tekjuskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

- 1 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins, sbr. 13 gr. a. í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

	2023	2022
Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	<u>0</u>	<u>0</u>

Framlög

- 2 Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 460/2018 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	<u>612.975</u>	<u>80.262</u>
---------------------------------------	----------------	---------------

Skýringar

	2023	2022
Annar rekstrarkostnaður		
3 Bókhald og annar sérfræðikostnaður.....	4.512	1.121
Rekstrarkostnaður.....	154	262
	4.667	1.383
Fjármunatekjur		
4 Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	484.563	347.262
Dráttarvaxtagjöld.....	(34)	(0)
Fjármagnstekjuskattur.....	(85.994)	(44.264)
	398.535	302.998
	31.12.2023	31.12.2022
Skuldabréf		
5 Skuldabréfin eru verðtryggð lán með jöfnum afborgunum með 2% vöxtum.		
Staða skuldabréfa í árslok	2.017.170	2.050.001
Næsta árs afborganir	(150.374)	(142.251)
Skuldabréfaeign í efnahagsreikningi	1.866.796	1.907.750
Aðrar skammtímakröfur		
6 Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, staða	0	716.965
Aðrar kröfur	170	6.272
	170	723.237
Eigið fé		
7 Yfirlit um breytingu á eigin fé greinist þannig:		
Höfuðstóll 1/1	6.110.542	5.889.189
Afkoma ársins.....	(219.106)	221.354
Höfuðstóll 31/12	5.891.436	6.110.542

Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
Aðrar skammtímaskuldir		
8 Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, staða	110.182	0
Aðrar skuldir	3.903	608
	<u>114.085</u>	<u>608</u>